

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
Sent á netfangið: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. janúar 2023

Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (fjármálaeftirlitsnefnd), 541. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviðið Alþingis, þann 18. janúar sl., var frestur til að skila umsögn um ofangreint mál framlengdur. Af því tilefni var málið yfirfarið að nýju á vegum LL en upphaflegur umsagnarfrestur um frumvarpið rann út þann 13. janúar sl. án þess að LL skiluðu inn umsögn.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér byggi á tillögum í skýrslu úttektarnefndar sem skipuð var af forsætisráðherra í júní 2021 og vinnu starfshóps sem skipaður var til ráðgjafar í kjölfarið til að móta lagabreytingartillögur með hliðsjón af tillögum úttektarnefndarinnar.


Tekið skal fram að við yfirferð á frumvarpinu af hálfu starfandi sérfræðinga innan lífeyrissjóðakerfisins virðast almennt ekki vera afgerandi skoðanir á frumvarpinu sem tekur einkum á því hvernig fyrirkomulagi stjórnarháttanna innan Seðlabankans skuli fyrir komið. Þó þykir rétt að benda á að við umræður um frumvarpið kom til tals hvort frumvarpið kunni að fela í sér hættu á samþjöppun valds en líkt og alkunna er kann slíkt að vera varhugavert. Jafnframt vöknudu spurningar í tengslum við það að forsætisráðherra mun hafa skipað þrjá óháða sérfræðinga á sviði peninga- og fjármálahagfræði og fjármálaeftirlits til að gera á því úttekt hvernig Seðlabanka Íslands hefur tekist að uppfylla markmið um stöðugt verðlag, fjármálastöðugleika og framkvæmd fjármálaeftirlits, sbr. nánar 36. gr. laga um Seðlabanka Íslands en skv. ákvæðinu ber við þá úttekt jafnframt að líta „til annarra þátta í starfsemi bankans, svo sem skipulags, verkaskiptingar og valdsviðs.“

LL er kunnugt um að nokkrir lífeyrissjóðir hafi sl. haust fengið boð um að senda fulltrúa sína á fund þeirra sérfræðinga sem forsætisráðherra fól umrædda úttekt. Samhengisins vegna vaknar sú spurning hvernig úttektinni miðar og hvenær þess megi vænta að niðurstöður liggi fyrir. Megi vænta niðurstaðna úttektarinnar á næstunni kann þar eitthvað að koma fram sem nýst getur við mat á því hvernig best verði vandað til þeirra þátta sem varða skipulag, verkaskiptingu og valdsviðs í starfsemi bankans.

Að lokum skal það áréttað að LL hafa ekki afgerandi afstöðu til málsins en þar sem frestur til umsagnar var framlengdur þótti rétt að koma þó ofangreindum vangaveltum á framfæri við nefndina.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri